

1. Tilgangur

Tilgangur þessarar verklagsreglu er að lýsa þeim mikilvægu og ófrávíkjanlegu ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að stýra áhættum sem geta valdið banaslysi í starfsemi samstæðunnar.

2. Markmið

Markmiðið með gullnu reglunum er að fyrirbyggja alvarleg slys. Þær skulu því alltaf viðhafðar í öllum verkum og verkefnum þar sem banaslysaáhættur eru til staðar

Ábyrgð

- Allt starfsfólk ber ábyrgð á að viðhafa í hvívetna þær ráðstafanir sem tilgreindar eru í gullnu reglunum
- Stjórnendur bera ábyrgð á að kynna gullnu reglurnar fyrir starfsfólki, útvega viðeigandi öryggisbúnað, hafa eftirlit með hlítmi við reglurnar og bregðast við frávikum
- Öryggisstjóri ber ábyrgð á að setja kröfurnar og útbúa mælikvarða

3. Gildissvið

Gildir um öll verk, verkefni og aðgerðir sem fela í sér banaslysaáhættur

Gullnar reglur

Í áhættumatgagnabanka OR er listi yfir þekktar áhættur sem starfsfólk Orkuveitusamstæðunnar er útsett fyrir og ráðstafanir við þeim. Gullnu reglurnar eru byggðar á stærstu áhættuþáttunum (banaslysaáhættum) og mikilvægustu ráðstöfunum gegn þeim sem finna má í bankanum. Viðtækt samráð var haft um orðalag gullnu reglnanna, m.a. við allar öryggis- og heilsunefndir samstæðunnar.

Gullnu reglunum er skipt upp í 8 flokka og eru í heild sinni 41 talsins:

- **Vinna við vélbúnað í gangi**
 - Höldum útlimum utan hættusvæðis
 - Tryggjum að öryggishlífar séu á búnaði
 - Tryggjum að hár/föt/hlutir flækist ekki í búnaði
- **Vinna við hífingar**
 - Kranastjórnandi skal hafa réttindi á viðkomandi krana
 - Afmörkum hættusvæðið
 - Stöndum/vinum utan hættusvæðis
- **Vinna við skurð dýpri en 1,2m**
 - Afmörkum skurð (a.m.k. 1m frá skurði)
 - Tryggjum gegn hruni með fláa eða stoðum
 - Skurði, allt að 2m djúpa, skal tryggja með fláa 3:1 eða stoðum
 - Skurði, dýpri en 2m, skal tryggja með fláa 1:1 eða stoðum
 - Efni og þungir hlutir skulu vera a.m.k. 1 metra frá skurðbrún
- **Vinna í lokuðu rými**
 - Vinnum samkvæmt gátlistum/leyfi um lokuð rými
 - Mælum andrúmsloft
 - Tryggjum loftskipti
 - Öryggisvakt og björgunaráætlun skulu vera til staðar
- **Vinna í kringum hættuleg gös (dæmi: H₂S, CO₂)**
 - Vinnum samkvæmt leyfi/gátlista
 - Höfum grímu fyrir vitum
 - Verum alltaf tvö saman auk öryggisvaktar
 - Berum kvarðaðan persónumæli
- **Vinna við óbeislaða orku**
 - Rafmagn / ljósbogi
 - Greina
 - Rjúfa

- Læsa-merkja-prófa
 - Klæðumst ljósbogafatnað
- Heitt vatn / gufa / H₂S
 - Greina
 - Rekja lagnir sem eru ofanjarðar
 - Rjúfa
 - Læsa-merkja-prófa
- **Vinna í hæð (>2m)**
 - Almenn
 - Notum fallvarnabelti ef öðrum vörnum verður ekki komið við
 - Öryggisvakt
 - Björgunaráætlun tiltæk
 - Mannkarfa / spjót
 - Notum fallvarnabelti
 - Stjórnandi tækis skal hafa viðeigandi réttindi
 - Afmörkum vinnusvæðið
 - Stöndum í körfubotni
- **Vinna í umferð**
 - Akandi
 - Stjórnandi tækis skal hafa viðeigandi réttindi
 - Notum öryggisbelti
 - Virðum umferðarreglur
 - Notum handfrjálstan búnað
 - Gangandi
 - Stöndum utan hættusvæðis
 - Náum augnsambandi við stjórnanda tækis
 - Innan um umferð
 - Leggjum bíl þannig að hann skýli gegn aðsteðjandi umferð
 - Notum blikkljós/aðvörunarljós
 - Afmörkum vinnusvæði
 - Klæðumst sýnileikafatnaði með endurskini

4. Eftirlit

Eftirlit með hlítni við gullnar reglur fer fram með, eftirlitsferðum, stuðningsferðum stjórnenda og innri úttekum.

Útfærsla í stuðningsferðum

Gullnu reglurnar eru sérstök áhersla í stuðningsferðum

Mælikvarði:

- Innifelur verkið áhættu úr 8 flokkum “gullna regla”?
 - Já/nei
 - Frávik? Já/nei

Viðurlög við frávikum

Fari starfsfólk vísitandi ekki eftir gullinni reglu/reglum er ferlinu [LBO-161](#) um sanngjarna málsmeðferð fylgt.

5. Tilvísanir

[VRO-010](#); Stuðningaferðir stjórnenda.

[LBO-270](#); Áhættumat verka.

[LBO-161](#); Viðbrögð við atvikum – Sanngjörn málsmeðferð.